"Hús skáldsins"
Sýnishorn íslenzkra bókmennta og skáldskapar á 20. öldinni.
Athugasemdir við samnefnda bók eftir Halldór Kiljan Laxness.
9 sundurlaus blöð ýmist merkt Finnur eða Finnbergur úr fuglabjörgum.

8.

„Hús skáldsins".

Um Jón almáttuga og hina afbrýðissömu konu hans segir skáldið:

„.... Þyrfti hann að ganga örna sinna að næturlagi (sic) fór hún upp úr rúmi sínu á eftir honum og stóð fáklædd jafnvel í blindhríð fyrir náðhúsdyrunum ..."

„... Jón almáttugi mataðist rólega og án þess að segja margt. En þegar hann hafði lokið kássunni tók hann upp sjálfskeiðing sinn hárbeittan og brýndi hann á kvarðar sér, rétti diskinn síðan að konu sinni áður en hann staulaðist til sængur vansæll maður.!!

Dásamlegur skáldskapur að tarna! Er ekki andagiftin og ímyndunaraflið háfleygt og göfugt? Hver mundi eigi vilja ~~velja~~ barni sínu bók þessa og aðrar af líku tæi eftir verðlaunaðan, 5000 kr.-skáldið, er allar fjalla mest um þvag og þrekk, jafnframt nákvæmum – og skáldlegum – lýsingum á því, hvernig menn fara að losa sig við þessar nauðþurftir sínar. Hér er þó höfuðið bitið af skömminni með því að láta mann vana sjálfan sig á hina ógeðslegustu lund fyrir augum konu sinnar. – Hvernig gat menntamálaráðið fengið það af sér að klípa utan af styrki þeim (5000 kr.) er hið háa Alþingi hefir verðlaunað þetta andans mikilmenni um nokkur undanfarin ár?

XVII b.

# Sýnishorn ísl. bókmennta og skáldskapar á 20. öldinni.

## „Hús skáldsins" (söguþrot).

„.... þyrfti hann (þ.e. Jón almáttugi), að ganga örna sinna að næturlagi fór hún (þ.e. hin afbrýðissama kona hans), upp úr rúmi sínu á eftir honum og stóð fáklædd jafnvel í blindhríð fyrir náðhúsdyrunum"

Jón almáttugi mataðist rólega og án þess að segja margt. En „.... þegar hann hafði lokið kræsunum tók hann upp sjálfskeiðing sinn hárbeittan og brá honum á hreðjar sér (þ.e. í stofunni), rétti síðan diskinn að konu sinni áður en hann staulaðist til sængur vanaður maður."

— „ —

Aths.: orðin innan sviga eru sett hér af þeim er þetta ritar til glöggvunar og skilnings lesenda hinnar háfleygu andagiftar og göfugu skáldskaparlistar hins fræga skálds úr Mosfellsdalnum, er að flestra dómi þykir vera jafnoki Odds hins sterka af Skaganum, enda munu þeir vera keppendur um skáldastyrk menntamálasjóðins.

Reykjavík, 23. okt. 1944.

J. Pálsson.

„Hús skáldsins" (sögubrot)

Um Jón almáttuga og hina afbrýðissömu konu hans segir „skáldið":
„... Þyrfti hann að ganga örna sinna að næturlagi fór hún uppúr rúmi sínu á eftir honum og stóð fáklædd, jafnvel í blindhríð fyrir náðhúsdyrum..."
„... Jón almáttugi mataðist rólega og án þess að segja margt. En þegar hann hafði lokið krásunum tók hann upp <u>sjálfskeiðing</u> <u>sinn hárbeittan</u> og <u>brá</u> <u>honum</u> <u>á</u> hreðjar <u>sér</u>, rétti diskinn síðan að konu sinni áður en hann staulaðist til sængur <u>vanaður</u> <u>maður</u>..." (Leturbr. mín. F. úr F.)

Er það ekki dásamlegur skáldskapur að tarna? Andagiftin háfleyg og ímyndunaraflið þrungið af göfgi?

Hvernig gat Menntamálaráðið <u>fengið</u> <u>það</u> <u>af</u> <u>sér</u> að klípa utan af hinum lítilfjörlega styrki — 3000 krónunum — sem þetta andans mikilmenni(!) hefir haft af almannafé að undanförnu? — Komu engar styrkbeiðnir frá neinum í Kleppi eða Litla-Hrauni, né neinn frá Oddi af Skaganum eða Magadon? Faxafen hefir víst sótt, og fengið eitthvað? Jæja, það var gott. <u>Sá</u> átti það nú skilið! — Það þarf að <u>hækka</u> þennan styrk á næsta þingi; við megum ekki láta svona góð gáfnaljós drepast úr sulti og seyru, því enginn þarf að vænta þess, að þau vinni fyrir sér, allra síst nú, ef rússnesku reipin bila, en þau hafa haldið sæmilega vel utan um suma þessa þega hingað til. Nú er „tíminn" kominn að okkur að bjarga öllum krógunum og sk.....! —

Finnbergur úr Fuglabjörgum.

Eftirfarandi smáglefsur tvær eru teknar af handahófi úr nýútkominni skáldsögu manns þess, er hvatann hefir skáldastyrkinn hlotið nú á síðari árum, og nú fyrir skemstu allríflegan styrk af fé því, er skáldum og listamönnum ~~hinnar ísl. þjóðar~~ hefir verið ætlaður af almannafé hinnar ísl. þjóðar.

Um Jón Almáttuga og konu hans segir svo:

„.... þyrfti hann að ganga örna sinna að næturlagi fór hún upp úr rúmi sínu á eftir honum og stóð fáklædd jafnvel í blindhríð fyrir náðhúsdyrunum...“

„.... Jón almáttugi mataðist rólega og án þess að segja margt. En þegar hann hafði lokið krásmann tók hann upp sjálfskeiðing sinn hárbeittan og brá honum á hreðjar sér, rétti distrim síðan að konu sinni áður en hann staulaðist til sængur vanaður maður...“ (Leturbr. mín)

Hvílík fagurfræði! – En sú smekkvísi, skáldskaparlist og háfleygi andans!

Eftirfarandi smáglefsur, tvær eru teknar af handahófi og
sem sýnishorn úr nýútkominni skáldsögu. Höf. hefir
nú í tveimur síðari árum hlotið hæstan styrk allra þeirra
„verðugu" skálda og listamanna landsins, en nú hefir styrk-
ur þessi verið minnkaður mjög við neglur og er það undra-
vert mjög, þar sem hér er um listamennsku skáldsins
sinn mesta að ræða, háfleygi andans og fagurfræðilega
skáldskapar að ræða, eins og nú skal sýnt verða.
Sögu-kafli sá, er hér um ræðir fjallar um mikilmennið
Jón almáttuga og konu hans. Þar segir:
„.... Þyrfti hann að ganga örna sinna um óttulagi fór
hún upp úr rúmi sínu á eftir honum og stóð fáklædd
jafnvel í blindhríð fyrir náðhúsdyrunum..."
Jón almáttugi mataðist rólega og án þess að segja margt.
En þegar hann hafði lokið kvöldmatnum <u>tók hann upp</u>
<u>sjálfskeiðung</u> sinn <u>hárbeittan</u> og <u>brá honum á hreðjar sér,</u>
<u>rétti djásnin síðan að konu sinni áður</u> en hann staulaðist
til sængur <u>vanaður maður</u>...." (Leturbr. mínar)

– . –

Það er áður vitanlegt, að aðalþráðurinn, m. ö. o. rauði-þráðurinn í skáldskaparafrekum manns þessa fjallar eðli um þvag og þrekk, en þó einkum um það, hvaða vegi menn fari þá er þeir vilja ~~að þvo~~ losa sig við nauðþurftir sínar, þó, er að þessu lúta, og er þessu öllu lýst með fjálgleik miklum og fagurfræðilegum útlistunum, eins og stórskáldi hæfir. En hástigi listarinnar, göfugu innræti skáldsins sjálfs og há-fleygi andans, er skáldið fyrst tókum á fyrri alvöru, svo að enginn nær þar með tærnar sem það hefir hælana, þó er það finnur sér yrkisefni í því að lýsa leyndarlimum manna og ljúfustu draumum skáldsins um notkun þeirra og með-fari alla. Sögukaflinn lýsir þessu eðla aðdáanlega vel og á mjög hugðnæman og heillandi hátt, en eigi mun athugull les-andi lengi geta gengið þess dulinn, að hér hefir skáldið gengið inn á þá hálu braut, að láta sig varða og lýsa því, er [illegible] aðrir, eiga um að fjalla eftir nýútgefnum landslögum, sem þó er mér eigi kunnugt um að hið háa Alþingi hafi fundið neina ástæðu til að hrófla við með einni einustu breytingar-tillögu við breytingartillögum: 'breytingartillögu eða bráða-birgðalögum eða þvíuml. Með öðrum orðum á og hér við starfsvið það — en það finst mér skáldið fara inn á í leyfis-leysi eða svo vægara sé komist að orði: inn á skáldaleyfi — sem aðrir en það (skáldið) eigi eða megi um fjalla, eins og áður er sagt.

Lagafróður er ég ekki, en af útvarpserindum konu einnar hefir mér skilist það, að varhugavert muni það geta orðið fyrir karlmenn að seilast langt inn á starfs- og valdsvið hennar í þessum efnum, því þeir geti átt það á hættu að verða „fundn-ir í fjöru" og hinum „hárbeitta sjálfskeiðingi" kunni að vera brugðið á þá sjálfa og það vitanlega ekki annarstaðar en á viðkvæman og vel falinn stað: þeir verði vanaðir!

Þetta var nú útúrdúr. Hitt var tilgangur minn, að benda þeim, er síðar kynni að hafa það hlutverk með höndum að úthluta styrkjum af almannafé til skálda og listamanna í þá nauðsyn, að klípa eigi svo mjög af skáldastyrki þeim er skáldsagnahöfundi þessum kann að vera ætlaður, sem nú mun raunin hafa á orðið. Enda þykist ég með þessum ritdómi mínum hafa bent á mikilvægi gáfu hans, listasmekks og furðulegs innsæis í sálarlíf manna

Þá þykir mér og eigi ótrúlegt, að þvílík skáldskaparsnilli sem sú er hér um ræðir, eigi erindi til allra þeirra barna og unglinga sem sálgæzt kunna að vera í Bolt-menti þar og fróðleiksindi er fljóta úr hinum „anda-prúðmu" höf. og hans rita.

Þegar mentunin og sálarfóðrið er komið á það stig sem höf. hefir nú um skeið verið að berjast við að koma því, má eigi minna vera en að honum sé ætlaður all-ríflegur skáldastyrkur. Aðaltilgangur minn var að ýta undir þetta. Hitt var aukaatriði, og aðeins milli mín og skáldsins, að vara það við að seilast ~~AA~~ inn á starfssvið annara manna og kvenna.

Skáldið er vinur minn og ég vil ekkert af því missa!

Finnbogi á Fuglabjörgum.

Yrkisefni höfundskálds þessa eru hjúfustu draumar þess um hvað og hvert manna, margvíslegar þrautir þeirra við að leita sér þarfinda, m.ö.o. að ganga vina sinna, en sínkt um þó líst skáldsins hástigi sínu þá er það nú tökum á hinu hugðnæmasta yrkisefni þess að fá tali fóri til þess að lýsa leyndalínunum manna, nottum þeirra og með því allri. Sögu heffi só, er að ofan getur, lýsi þessu á mjög hátt-andi og hugðnæma hátt, enda mun skáldið hafa haft það fyrir augum að vekja athygli ósprottanda barna og unglinga, sem sólgnastir eru í þvílíkan söguleslur.

Skáldið veit, að þótt lykttin af skáldsögum þess sé allri hundaslt... lykt megnari og stækari, þá finnur það sjálft setann ílm leggja að vitum þess af þeim öðrum sem það fær frá fáfræðingum þeim, er lenda í þeirri ógæfu að opna bækur þess til lesturs, en þeir munu, sem betur fer, fremur fáir vera.

Við samanburð skáldskapar þess, er ég hefi talið glefsurnar úr og að ofan getur, og þess - að því er mig minnir - er ég heyrði konu eina gjöra að um-talsefni í útvarpserindi sínu eigi als fyrir löngu, virðist mér skáldið hafa komið full nærri verksviði konu þessarar; en sams konar sögum hefir hlotið sama vegsemdar sess að vera kosin í nefnd, nokkurn er um þessi mál ~~eigi~~ á að fjalla.

mér skildist oft. í frúnni, að sérhver sá „karlmaður", er
hróflaði við þessu lífsstarfi hennar myndi o.s.v.
verða „fundinn í fjöru" og hinum „hárbeitta sjálf-
skeiðingi"-bragðið á hann sjálfan. Er hér því um-
samlegri bendingu til skáldsins beint frá minni hálfu
um að vara sig á sjálfskeiðingi frúarinnar.
Skáldið er vinur minn, og vil ég ekkert af því missa!

Finnur úr Fuglabjörgum.